

Ed. **731. Nefndarálit** [303. mál]
um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Helgi F. Seljan, Auður Auðuns. Halldór Kristjánsson.
form., frsm.
Oddur Ólafsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed.

732. Frumvarp til laga

[320. mál]

um opinberar fjársafnanir.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir almennum fjársöfnunum í sérhverum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða islenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

Slík tilkynning skal bera með sér:

- a) hver standi fyrir fjársöfnuninni,
- b) hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
- c) hvar fjársöfnun skuli fara fram,
- d) hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
- e) og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

4. gr.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

5. gr.

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða giróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var aflað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

7. gr.

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé innan við 100 þús. krónur, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

8. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

- 1) Söfnun á notuðum verðlittlum hlutum.
- 2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
- 3) Fjársafnanir við guðspjónustur eða á samkomum, sem haldnar eru á vegum trúarfélaga.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjársafnanir ýmiss konar eru orðnar mjög algengar. Jafnan fara þær fram í góðum tilgangi, og það skal fram tekið, að engin sérstök ástæða til tortryggni liggur að baki þessa frumvarps. Hins vegar skortir nokkuð á um lagasetningu, sem ákvarði fyrirkomulag og uppgjör slíkra fjársafnana.

Ekki er það óalgengt, að fjársafnanir skili milljónum í hendur þeirra, sem fyrir þeim standa, og almenningur, sem þarna leggur fram sína fjármuni, á siðferðilega heimtingu á því að vita niðurstöður söfnunar og ráðstöfun fjárins.

Hverjum þeim aðila, er að fjársöfnun stendur, á einnig að vera það ljúft að sýna allt á hreinu, svo að enginn blettur geti fallið á aðstandendur eða markmið slíkrar söfnunar. Hér virðist vanta allmjög nánari lagafyrirmæli. Þetta frumvarp, sem mjög er sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því, að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag slíkra fjársafnana. Það skal rækilega undirstrikað, að hér er á engan hátt verið að bregða fæti fyrir heilbrigðar fjársafnanir, frekar er hér um að ræða undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti, en um leið ætti að vera hægara að stemma stígu við fjársöfnunum, sem engan rétt ættu á sér.

Einnig ætti ákveðin lagasetning að koma í veg fyrir óþarfa og óréttmæta tortryggni, en reyndar skýra eðli og tilgangur frumvarpsins sig fullkomlega.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. — Skýrir sig sjálf.

2. gr. — Grein þessi kveður á um það, hvað átt sé við með opinberum fjársöfnunum. Skv. greininni er gert ráð fyrir því, að allar fjársafnanir séu opinberar, ef þær eiga sér ekki stað innan persónulegra eða félagslegra tengsla milli þess, sem safnar, og þess, sem lætur fé af hendi rakna, eða byggja á sérstöku sambandi þeirra á milli. Safnanir innan félaga eða samtaka, sem aðeins ná til meðlima, eru skv. þessu frjálsar, enda eiga þá viðkomandi greiðan aðgang að öllum gögnum og uppgjöri slíkra safnana.

3. gr. — Heimild til opinberra fjársafnana er bundin leyfi lögreglustjóra á þeim stað, sem félag eða stofnun á varnarþing eða ábyrgðarmaður söfnunar á lögheimili, ef félag eða stofnun stendur ekki fyrir fjársöfnuninni. Í þessu sambandi gildir einu, hvort söfnunin sjálf er bundin ákveðnum svæðum eða nær til landsins alls.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

4. gr. — Í 1. mgr. þessarar gr. er kveðið á um það, að fjársafnanir á götum eða í húsum séu háðar leyfum.

Safnanir á götum og í húsum, geta verið af margs konar tagi og í ýmsum tilfellum, þannig að ástæðulaust er að amast við þeim. En með tilliti til þeirra óþæginda, sem slíkar safnanir geta valdið þeim, sem ekki hafa áhuga á að láta fé af hendi rakna til þeirra, þykir rétt að binda þær leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Í samræmi við ofangreindar röksemdir falla safnanir í samskotakassa eða potta utan við ákvæði greinarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til, að keðjubréf í fjársöfnunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi þær kunna að vera gerðar.

5. gr. — Sjálfsagt verður að teljast, að innkomið söfnunarfé sé lagt inn á sérstakan reikning, en á engan hátt blandað saman við t. d. fjármál félagssamtakanna, er fyrir þeim standa. Greinin skýrir sig sjálf að öðru leyti.

6. gr. — Hér er reikningshald gert að skyldu, enda forsenda þess, að hægt sé að sannfæra sig um það, að rétt sé að staðið. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að hvorki í Noregi né Svíþjóð er til að dreifa lögum um opinberar fjársafnanir.

Í Noregi eru hins vegar slíkar fjársafnanir háðar leyfum lögregluvalda. Á hinn bóginn eru þar starfandi frjáls samtök í tengslum við atvinnulífið, sem hafa það að verkefni að fylgjast með og yfirfara reikningsskil fjársafnana.

Þessu er einnig þannig farið í Svíþjóð. Samtök af sama tagi fylgjast með fjársöfnunum í tengslum við atvinnulífið og hafa m. a. gert samninga við póstyfirvöld um giróþjónustu á þessu sviði. Í Svíþjóð er það gert að skilyrði ofangreindu fyrirkomulagi, að reikningsskil séu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum að öðru leyti.

7. gr. — Greinin ákvarðar birtingu á niðurstöðum fjársöfnunar, og eru aðferðir mismunandi eftir heildarfjárhæð söfnunar. Þannig hvílir eðlilega meiri og betri upplýsingaskylda á þeim, sem safna hundruðum þúsunda eða milljónum króna.

Nauðsynlegt verður að teljast, að leyfisveitandi fái öll gögn í sínar hendur.

8., 9., 10. og 11. gr. — Skýra sig sjálfar.

Ed. 733. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Páll Þorsteinsson,
form., frsm.

Helgi F. Seljan.

Ásgeir Bjarnason.

Steinþór Gestsson.

Halldór Kristjánsson.

Jón Árnason.

Nd. 734. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Tveir nefndarmenn, Ásberg Sigurðsson og Matthías Á. Mathiesen, undirrita nefndarálit með fyrirvara.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gíls Guðmundsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.	Karvel Pálmason.	Þórarinn Þórarinsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Sb. 735. Tillaga til þingsályktunar [321. mál]
um afnotarétt þéttbýlishúa af sumarbústaðalöndum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Benedikt Gröndal, Stefán Valgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að skipulögð verði sumarbústaðalönd á ríkisjörðum til afnota fyrir þéttbýlishúa, og láta semja löggjöf um þetta efni, sem lögð verði fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Allmiklar umræður fara nú fram um eignar- og afnotarétt af landi um landvernd og landnytjar. Kaupstaðabúar gera þá kröfu að fá óhindraðan aðgang og afnot af ónytjuðu landi, en jafnframt þrá þeir flestir að hafa til einkaafnota landsspildu, þar sem þeir geta byggt sér sumarhús og dvalist í fristundum. Hefur þetta leitt til þess, að verðlag á eftirsóttum sumarbústaðalöndum hefur hækkað verulega.

Ríkið á nú um 900 jarðir, sem margar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar. Víða á þessu landi eru hin ákjósanlegustu skilyrði til útivistar og sumardvalar, sem eðlilegt er að heimila alþýðu að hagnýta.

Deilur þær, sem sprottið hafa um afnotarétt lands, ættu að leiða til þess, að leitast yrði við að sætta sjónarmiðin, og að því miðar tillaga þessi. Hún gerir ráð fyrir, að landsmönnum öllum verði gert kleift að hafa til einkaafnota nokkurt land, sem jafnframt kynnu að fylgja þær kvaðir, að leigutaki tæki þátt í ræktun nærliggjandi landssvæða, gróðursetningu trjáplatna, fiskrækt o. s. frv. Að sjálf-sögðu yrði samráð haft við Náttúruverndarráð. Þá er og ljóst, að þessar aðgerðir mundu stemma stígu við óhóflegri hækkun verðlags sumarbústaðalanda, sem ýmsum vex þegar í augum. Hér er því um að ræða raunhæfar aðgerðir til þess annars vegar að auðvelda þjóðinni allri afnot landsins og hafa jafnframt hemil á hækkun jarðaverðs, þar sem svo hagar til, að sóst er eftir löndum fyrir sumarbústaði.

Nd. 736. Nefndarálit [15. mál]
um frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er flutt í annað sinn með litlum breytingum á 2. gr. frv. Í frumvarpinu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Mörgum finnst, að með frv. þessu sé gengið nokkuð nærri eignarréttinum. Tilhneiging virðist vera til þess af

hendi stjórnvalda að setja eignarréttinum almennar takmarkanir. Í greinargerð með frumvarpinu segir orðrétt: „Með lögum þessum eru eignarréttindi einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir. „Í tilefni þessara orða og ýmissa atriða í frv. varð samkomulag um það í iðnaðarnefnd að senda frumvarpið til umsagnar lagadeildar Háskóla Íslands. Einnig var frumvarpið sent til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og til Búnaðarþings. Allir þessir aðilar hafa sent greinargóðar umsagnir um málið. Þykir minni hluta iðnaðarnefndar rétt að birta umsagnirnar í heild með nefndarálitinu til upplýsingar fyrir þá, sem vilja kynna sér málið.

Umsögn Búnaðarþings er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. mars 1974.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 1. mars 1974 var ákveðið að senda iðnaðarnefnd Nd. Alþingis ályktun Búnaðarþings 1974 um frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, er iðnaðarnefnd Nd. Alþingis hafði sent Búnaðarþingi til umsagnar.

Ályktunin ásamt greinargerð hljóðar svo:

„Búnaðarþing mælir eindregið í gegn frumvarpi til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 1967, er lagt hefur verið fram á Alþingi því, er nú situr.

Greinargerð.

Á Alþingi 1973, 93. löggjafarþingi, var lagt fram frumvarp til breytinga á orkulögum frá 1967. Meginefni þessara breytinga var það, að ríkið eitt skuli eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar á svokölluðum háhitasvæðum, hver sem eigandi landssvæðanna er. Hins vegar skuli landeigandi aðeins hafa hagnýtingarrétt á lághitasvæðum og yfirborðshita á háhitasvæðum.

Enn fremur er tekið fram, að með landssvæði þau, sem óvissa ríkir um, skuli farið sem háhitasvæði, þar til rannsókn leiði annað í ljós, þ. e. að ríkið hafi þar einnig, a. m. k. um sinn, allan umráðarétt.

Búnaðarþing 1973 mótmælti frumvarpi þessu og byggði andmæli sín á því, að þar væri ákveðið, að einföld lagasetning nægði til þess að taka af landeiganda tiltekinn umráða- og hagnýtingarrétt bótalaust og færa hann til annars aðila, er skyldi hafa öll umráð og not af honum. Jafnframt benti Búnaðarþing á, að yrði stigið út á þessa braut, mundi auðveldur eftirleikur að færa unráða- og hagnýtingarrétt annarra landsgæða til ríkisins án bótaskyldu.

Ályktun Búnaðarþings 1973 fylgir hér með sem fylgiskjal.

Nú, þegar frumvarp til breytinga á orkulögum er lagt fyrir Alþingi að nýju, er sú breyting gerð frá fyrra frumvarpi, að skotið er inn í 2. gr. frumvarpsins nýrri málsgrein, sem efnislega er á þá lund, að sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði, skuli hafa forgangsrétt til vinnsluleysis á því landi án sérstaks vinnslugjalds, en þó því aðeins að sveitarfélögin hafi sótt um leyfi innan 5 ára frá gildistöku laganna.

Lítil eða engin úrbót virðist vera að þessari innskotsgrein. Athuganir um vinnslu eða virkjanir, áætlanagerð og eftirleitan um fjármögnun til framkvæmda og samþykktir út frá þeirri vitneskju, sem þá lægi fyrir, hlytu að taka langan tíma og óhugsandi að öll sveitarfélög gætu tekið afstöðu til framkvæmda á svo skömmum tíma, því að vinnsluleysi, þó gefið væri, mundi ólíklega látið gilda nema um skamman tíma, ef ekki yrði fljótlega hafist handa um framkvæmdir. Auk þess hljóta viðfangsefni sveitarfélaga í þessum efnunum að breytast oftlega. Þar sem fámenni er nú og því lítil geta til virkjunargerðar, getur verið fjölmenni eftir nokkur ár og þá allt önnur og meiri þörf og möguleikar til hagnýtingar jarðhita.